

EFTIRLITSSKÝRSLA

Veiðifélag Eystri Rangár Laugum, Landsveit



Dags eftirlits	12.5.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Veiðifélag Eystri Rangár	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Móeiðarhvoll 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	530492-2659	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Birkir Tómasson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Alexandru Manuel	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávík frá kröfum starfsleyfis kom fram í eftirliti og engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Um litla landeldisstöð er að ræða með ker bæði innan og utandyra. Stöðin stendur nærri bökkum Þjórsár og rennur frárennslið í læk, um 250 leið, áður en það fer í ána.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og stöðu frávika
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóða.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum.

Gagnaftirlit var framkvæmt samhliða eftirliti í Eyjarlandi þann 11. maí sl. en skráningar í rekstrarhandbók voru yfirfarnar á Laugum. Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og staðfest að úrbótum vegna frávika í eftirliti árið 2020 er lokið skv. bréfi sem sent var til rekstraraðila þann 4. desember sl. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða fyrir árið 2021 og það uppfært m.t.t. stöðu stöðvarinnar í dag.

Nýr rekstraraðili tekur við stöðinni þann 1. júní nk. en ekki hefur verið sótt um breytingu á starfsleyfi m.t.t. þess. Rekstraraðila er bent á að senda inn tilkynningu til Umhverfisstofnunar þess efnis sem fyrst.

Í stöðinni eru laxaseiði sem alin eru til sleppingar í Rangá. Árið 2020 voru framleidd 8,85t af laxaseiðum en leyfi er fyrir framleiðslu á 20t af fisk í stöðinni. Minnt er á að starfsleyfið rennur út þann 16. júní 2022 og sækja þarf um nýtt starfsleyfi í tíma, að lágmarki 8-12 mánuðum fyrir lok gildistímans.

Skv. starfsleyfisskilyrðum skulu skráningar, áætlanir og önnur gögn er varða starfsleyfið vera aðgengileg eftirlitsmanni í eftirliti. Gögnin voru til staðar við eftirlit og var farið yfir rekstrarhandbók í eftirlitinu.

Síðustu mælingar í frárennsli voru gerðar árið 2019, rekstraraðili sá um sýnatöku en greining fór fram hjá Sýni ehf. Útstreymi N og P var áætlað út frá fódurnotkun og var útstreymi N 54 kg/framleitt tonn og P 8,45 kg/framleitt tonn. Hámarksgildi losunar á N og P eru ekki tiltekin í starfsleyfi.

Ekki var að sjá neina óeðlilega uppsöfnun fódurleyfa, slý eða önnur óhreinindi við frárennsli stöðvarinnar. Settjörn leit vel út og virðist skila hlutverki sínu.

Engar breytingar hafa verið gerðar á kerjum í stöðinni né fódrun fiskanna frá síðasta eftirliti en klukkufódrun er í stöðinni.

Sápur og önnur spilliefni eru geymd í sérstökum efnagám á lóðinni og aðstæður þar góðar. Ein nýleg ljósavél er á staðnum og er olúgeymir fyrir hana sambyggður. Óverulegt magn af úrgangi fellur til í stöðinni en dauðfiskur fer til urðunar á Strönd.

Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið en ekki er krafa um það í gildandi starfsleyfi. Hins

vegar var minnt á það að vel upp sett og virk umhverfismarkmið eru hluti af áhættumati eftirlitsaðila og geta haft áhrif á tíðni eftirlits, sem og komið rekstraraðila að góðu gagni.

Stöðin er snyrtileg á að líta og umgengni góð. Engar girðingar eru í kringum stöðina en net er yfir kerjum til varnar því að fugl fari í kerin.

ÁBENDINGAR

Engin ábending er sett fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.


Þar sem stöðin liggur fjarri sjó er ekki gerð krafa um tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda.

Leiðbeiningaskjal um fráveitu- og fastefnameðhöndlun fiskeldisstöðva á landi var sent með fundarboði eftirlitsins.

Reykjavík, 13.06.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir